

# ***1. Almennar upplýsingar***

## *Heiti*

Bein fjárfesting

## *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, gagnasöfnun og upplýsingavinnsla

## *Tilgangur*

Tilgangur með hagtölum beinnar fjárfestingar er að mæla viðskipti þjóðarbúsins við erlenda eignatengda aðila. Hagskýrslugerð um beina fjárfestingu er í samræmi við staðal Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) „[OECD Benchmark Definition of Foreign Direct Investment - 4th Edition](#)“ (BMD4). Staðallinn skilgreinir framsetningu, aðferðafræði, verðmat og hugtök.

## *Heimildir*

Seðlabankinn safnar milliliðalaust gögnum frá innlendum aðilum sem teljast vera í beinu fjárfestingarsambandi við erlenda aðila. Auk þess er stuðst við gögn frá ríkisskattstjóra og ársreikningaskrá. Önnur gögn koma einnig til greina ef þau þykja áreiðanleg.

## *Lagagrundvöllur*

Grundvöllur upplýsingasöfnunar, uppgjors og birtingar greiðslujafnaðar við útlönd hefur stoð í VI. kafla [laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992](#). Þessi lög (og viðkomandi reglugerðir, [reglur um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa, nr. 13 frá 1995](#)) kveða á um upplýsingaskyldu innlendra aðila og trúnaðarskyldu starfsmanna Seðlabankans um gögnin sem safnað er til hagskýrslugerðar.

## ***2. Aðferðafræði***

### *Hugtök og skilgreiningar*

#### ***Innlendur- og erlendur aðili***

Skilgreining á innlendum aðila í BMD4 er samhljóma skilgreiningu í lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, og merkir sérhvern mann og lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem búa erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn teljast til erlendra aðila. Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

#### ***Bein fjárfesting***

**Bein fjárfesting** mælir beina fjármunaeign og beint fjárfestingarflæði sem eru til komin vegna viðskipta á milli innlendra og erlendra aðila sem eru í beinu fjárfestingarsambandi.

**Beint fjárfestingarsamband:** Beinn fjárfestir, beint fjárfestingarfyrirtæki og önnur eignatengd félög teljast vera í beinu fjárfestingarsambandi sín á milli.

**Beinn fjárfestir (e. Direct investor):** Sá aðili sem í krafti eignarhlutar hefur yferráð eða áhrif á stjórnun annars félags sem ekki er skráð til búsetu í sama landi. Fjárfestirinn ræður samanlagt yfir 10% eða meira af atkvæðamagni í félaginu.

**Beint fjárfestingarfyrirtæki (e. Direct investment enterprise):** Sá aðili sem er undir yferráðum eða áhrifum beins fjárfestis.

**Önnur eignartengd félög (e. Fellow enterprises):** Aðilar sem eru hvorki undir yferráðum né hafa áhrif hvor á annan en eru þó báðir undir yferráðum eða áhrifum sama beina fjárfestis.

**Endanlegur fjárfestir (e. Ultimate controlling parent)** er sá aðili sem er efstur í eignarhaldskeðju þar sem yferráðum yfir félögum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.

**Yfirráð:** Félag sem fer samanlagt með 50% eða meira af atkvæðamagni í öðru félagi gegnum beinan eða óbeinan eignarhlut telst fara með yfirráð yfir félaginu.

**Áhrif:** Félag sem fer samanlagt með 10-50% af atkvæðamagni í öðru félagi í gegnum beinan eða óbeinan eignarhlut telst hafa áhrif á félagið.

**Beinn eignarhlutur:** Eignarhlutur í öðru félagi.

**Óbeinn eignarhlutur:** Eignarhlutur í félagi í gegnum annað félag.

**Bein fjármunaeign:** Er staða fjármálalegra eigna og skulda þar sem um beint fjárfestingarsamband er að ræða.

**Beint fjárfestingarflæði** mælir hrein viðskipti inn- og erlendra aðila með fjármálalegar eignir og skuldir þar sem um beint fjárfestingarsamband er að ræða.

**Viðskipti (e. Transaction)** tengd beinni fjárfestingu eru skilgreind sem gjörningur þar sem aðilar skiptast á verðmætum í formi fjármálalegra eigna og skulda með sameiginlegri ákvörðun.

Viðskipti með **fasteignir** flokkast undir beina fjárfestingu. Fjárfesting í einstaka fasteignum telst til viðskipta með eigið fé. Viðskipti með fasteignir geta verið með einstaka fasteign en einnig sem fasteignafélög eða eignarhaldsfélög.

Lán milli aðila í beinu fjárfestingarsambandi teljast ekki með beinni fjárfestingu ef báðir aðilar eru innlánsstofnun, verðbréfasjóður eða annað fjármálafyrirtæki utan tryggingafélaga og lífeyrissjóða. Í slíkum tilfellum er lánið flokkað undir aðra fjárfestingu.

Hlutafjäreign og önnur verðbréfaeign milli innlendra og erlendra aðila flokkast sem verðbréfafjárfesting (minna en 10% eignarhlutur) sé ekki beint fjárfestingarsamband til staðar á milli þeirra. Fjárfesting í verðbréfum er oftast hugsuð til skemmri tíma og ólíkt beinni fjárfestingu er tilgangur fjárfestingarinnar ekki að hafa áhrif á stjórn eða stefnu fyrirtækis.

Gert er ráð fyrir að með beinu fjárfestingunni sé það ætlun beins fjárfestis að hafa áhrif á stjórnun og stefnu beina fjárfestingarfélagsins og stofna til viðskiptasambands til langs tíma. Litið er á lán fjárfestis (framlag hans annað en eigið fé) eða fyrirtækja í hans eigu sem viðbótarfjárfestingu hans í viðkomandi fyrirtæki.

Bein fjárfesting í eigin fé og skuldum er aðgreind frekar út frá sambandi milli aðila. Greina má þrjár tegundir beinna fjárfestingarsambanda:

**Fjárfesting beinna fjárfesta í beinum fjárfestingarfyrirtækjum (tengdum félögum).**

Staða og viðskipti beina fjárfestisins með eigið fé eða lán til beinna fjárfestingarfyrirtækja hans (án tillits til þess hvort þau eru undir beinni eða óbeinni stjórn eða áhrifum hans).

**Öfug fjárfesting.** Þessi tegund sambands nær yfir stöðu og viðskipti beinna fjárfestingarfyrirtækja (tengdra félaga) með eigið fé (undir 10%) eða lán til beina fjárfestisins.

**Milli annarra eignatengdra félaga.** Nær yfir stöðu og viðskipti milli fyrirtækja sem stjórna hvorki né hafa áhrif hvort á annað en eru þó bæði undir stjórn eða áhrifum sama beina fjárfestis.

Svokölluð **sértæk félög (e. Special purpose entities)** teljast með í beinni fjárfestingu samkvæmt eigna- og skuldaaðferð en eru undanskilin í hagtölum samkvæmt fjárfestingarstefnuáðferð (sjá skilgreiningar hér að neðan). Sértæk félög eru félög sem oft eru stofnuð í skattalegum tilgangi og hafa litla sem enga eiginlega starfsemi. Nokkur slík félög eru skráð hérlendis en eru að fullu í eigu erlendra aðila og eiga sjálf eignarhlut eða lánakröfur á tengd félög erlendis en engar innlendar eignir. Í raun eru félögin einungis skeljar utan um fjármuni sem flæða í gegnum Ísland og hafa mjög takmörkuð efnahagsleg áhrif. Sértæk félög eru meðtalin í hagtölum greiðslujafnaðar og erlendri stöðu þjóðarbúsins frá og með árinu 2013 en ekki eru til áreiðanlegar upplýsingar um efnahag þeirra fyrir þann tíma.

### ***Eðli beinnar fjárfestingar***

Viðskipti í beinni fjárfestingu eru aðgreind eftir því hvort þau heyra undir eigið fé eða lán.

**Eigið fé.** Viðskipti með eigið fé er í formi hlutafjár og endurfjárfests hagnaðar.

**Hlutabréfaviðskipti:** Hlutabréf er ávísun á tiltekinn eignarhlut hluthafa í fyrirtæki og á eigandi þess rétt á hlut í bókfærðu virði fyrirtækisins og árlegum hagnaði þess.

**Endurfjárfesting:** Endurfjárfestur hagnaður er reiknuð stærð en til hans telst sá hluti hreins hagnaðar (að undanskildum gengis- og verðbreytingum) sem ekki er greiddur hluthöfum í formi arðgreiðslna. Endurfjárfesting endurspeglar þannig breytingu á virði eiginfjár milli tveggja tímabila.

### **Lánaviðskipti.**

**Lán (e. Loans)** eru fjármálaeignir sem verða til þegar lánveitandi lánar fé beint til lántaka. Undir lánviðskipti heyra lang- og skammtímakröfur og skuldir.

**Skuldaskjöl (e. Debt security)** eru viðskiptabréf sem standa til sönnunar um skuld. Meðal þeirra teljast víxlar, skuldabréf, viðskiptabréf, innstæðubréf, skuldaviðurkenningar, eignavarin verðbréf, peningabréf og svipaðir gerningar sem átt eru viðskipti með á fjármálamörkuðum.

**Innstæður (e. Deposits)** eru staðlaðir, óframseljanlegir samningar sem innlánsstofnanir bjóða. Binditími innstæðna getur verið mismunandi eftir samningum. Innstæður fela jafnan í sér ábyrgð skuldara á að skila höfuðstólnum aftur til fjárfestis.

**Viðskiptakröfur/skuldir (e. Trade credit)** eru fjárkröfur sem stafa af því að þeir sem bjóða vöru og þjónustu veita viðskiptavinum sínum lengri greiðslufrest eða fá fyrirframgreiðslur (e. Advances) vegna vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur stafa af því að greiðsla fyrir vörur eða þjónustu fer ekki fram á sama tíma og vörur skipta um eigendur eða þjónusta er veitt.

Flokkurinn **annað ót.a. (e. Accounts receivable/payable)** tekur til annarra eigna eða skulda en þeirra sem nefndar eru hér að framan. Þar undir geta fallið skuldir vegna skatta, verðbréfaviðskipta, launa eða arðs.

### ***Fjárfestingarstefnuaðferð***

Bein fjárfesting í hagtölum beinnar fjárfestingar er sett fram eftir svokallaðri fjárfestingarstefnuaðferð (**e. Directional principle**).

Samkvæmt fjárfestingarstefnuaðferð er bein fjárfesting færð annaðhvort sem bein fjárfesting innlendra aðila erlendis ef beini fjárfestirinn eða endanlegur eigandi annarra eignatengdra félaga er innlendur eða sem fjárfesting erlendra aðila innanlands ef beini fjárfestirinn eða endanlegur eigandi annarra eignatengdra félaga er erlendur.

Fjárfestingarstefna ræðst af neðangreindri formúlu:

**Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis (e. Outward investment):** *Fjárfesting innlendra fjárfesta í erlendum félögum - fjárfesting erlendra félaga í innlendum fjárfesti (öfug fjárfesting) + fjárfesting innlendra annarra eignatengdra félaga í erlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er innlendur - fjárfesting erlendra annarra eignatengdra félaga í innlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er innlendur.*

**Bein fjárfesting erlendra aðila innanlands (e. Inward investment):** *Fjárfesting erlendra fjárfesta í innlendum félögum - fjárfesting innlendra félaga í erlendum fjárfesti (öfug fjárfesting) + fjárfesting erlendra annarra eignatengdra félaga í innlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er erlendur - fjárfesting innlendra annarra eignatengdra félaga í erlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er erlendur*

#### **Samtölur fjárfestingarstefnuaðferðar:**

*Bein fjármunaeign samtals samkvæmt fjárfestingarstefnuaðferð = eigið fé + hreinar lánastöður (lánakröfur – lánaskuldir)*

*Beint fjárfestingarflæði samtals samkvæmt fjárfestingarstefnuaðferð = hrein hlutabréfaviðskipti (hlutafjárkaup – hlutafjársla) + endurfjárfesting + hrein lánaviðskipti (lánaviðskipti vegna lánakrafna – lánaviðskipti vegna lánaskulda)*

Aukning er táknuð með jákvæðu formerki (+) en lækkun með neikvæðu formerki (-).

Sértæk félög eru undanskilin í fjárfestingarstefnuframsetningu hagtalna.

**Breyting á framsetningu í samræmi við BMD4-staðal:** Fram til ársins 2013 er fjárfestingarstefna milli annarra eignatengdra félaga í mörgum tilvikum ákvörðuð eftir búsetu þess aðila sem á beinan eignarhlut í innlenda félaginu en ekki eftir endanlegum

eiganda félaganna líkt og gert er frá og með árinu 2013 í samræmi við nýjan BMD4-staðal OECD. Breyting á framsetningu lána á milli annarra eignatengdra félaga veldur lækkun á fjármunaeign beggja fjárfestingarstefna frá og með árinu 2013 því að hluti eigna innlendra aðila erlendis er nú dreginn frá eign erlendra aðila innanlands. Endurflokkunin hefur engin áhrif á hreina stöðu milli innlendra og erlendra aðila enda er einungis um framsetningarbreytingu að ræða.

### ***Eigna- og skuldaaðferð***

Bein fjárfesting í hagtölum greiðslujafnaðar sem og í erlendri stöðu þjóðarbúsins er sett fram eftir svokallaðri eigna- og skuldaaðferð (**e. Asset and liability principle**) en hún felur í sér að eigna- og skuldaliðir eru á vergum grunni (kröfur milli móður- og dótturfélags ekki nettaðar hvorar á móti öðrum). Sem dæmi felur þessi framsetning í sér að lánaskuld innlends fjárfestis við erlent félag í hans eigu er sett fram í skuldahlið erlendarar stöðu þjóðarbúsins en ekki nettuð á móti lánakröfum fjárfestisins á erlenda félagið á eignahlið. Eigna- og skuldaaðferð fylgir neðangreindri formúlu:

*Eignir: Fjárfesting innlendra fjárfesta í erlendum félögum + fjárfesting innlendra félaga í erlendum fjárfesti (öfug fjárfesting) + fjárfesting innlendra annarra eignatengdra félaga í erlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er innlendur + fjárfesting innlendra annarra eignatengdra félaga í erlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er erlendur*

*Skuldir: Fjárfesting erlendra fjárfesta í innlendum félögum + fjárfesting erlendra félaga í innlendum fjárfesti (öfug fjárfesting) + fjárfesting erlendra annarra eignatengdra félaga í innlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er innlendur + fjárfesting erlendra annarra eignatengdra félaga í innlendum öðrum eignatengdum félögum ef endanlegur fjárfestir er erlendur*

Aukning eigna og skulda er táknuð með jákvæðu formerki (+) en lækkun með neikvæðu (-) formerki.

Sértæk félög teljast með í beinni fjárfestingu samkvæmt eigna- og skuldaaðferð og eru mæld aftur til ársins 2013. Fyrir þann tíma liggja engar áreiðanlegar upplýsingar fyrir.

### ***Tengsl milli fjárfestingarstefnuaðferðar og eigna- og skuldaaðferðar***

Vakin er athygli á því að tölur um beina fjárfestingu í greiðslujöfnuði, sem og í erlendri stöðu þjóðarbúsins, eru ekki fyllilega samanburðarhæfar við hagtölur beinnar fjárfestingar sem eru settar fram eftir fjárfestingarstefnuaðferð.

Hrein staða fjárfestingarstefnuaðferðar án sértækra félaga er jöfn hreinni stöðu eigna- og skuldaaðferðar án sértækra félaga.

### ***Tengsl milli stöðu- og flæðistærða***

Bein fjármunaeign og beint fjárfestingarflæði eru tengd á þann hátt að viðskiptin sem færð eru í fjárfestingarflæðið útskýra að hluta breytingu á stöðu fjármunaeignar á milli tímabila. Beint fjárfestingarflæði mælir hrein viðskipti inn- og erlendra aðila með fjármálalegar eignir og skuldir þar sem um beint fjárfestingarsamband er að ræða. Tilgangurinn er ekki að mæla fjármagnshreyfingar milli landa, þó að líklegt sé að í flestum viðskiptum sé um að ræða flutning fjármagns yfir landamæri, heldur einungis viðskipti milli inn- og erlendra aðila. Viðskipti með erlendar eignir milli tveggja innlendra aðila eru ekki meðtalin þó að viðskiptin feli í sér flutning á fjármagni milli landa. Sama á við um viðskipti tveggja erlendra aðila með innlendar eignir. Slík viðskipti geta samt sem áður haft áhrif á aðilaflokkun fyrir stöðu á fjármunaeignum vegna endurflokkunar (e. reclassification) milli atvinnugreina eða landa.

Ekki eru allar færslur í beinu fjárfestingarflæði tilkomnar vegna raunverulegra viðskipta. Í sérstökum tilfellum eru reiknaðar stærðir færðar sem fjárfestingarflæði jafnvel þó að engin raunveruleg viðskipti hafi farið fram. Þetta er gert til að endurspeglar undirliggjandi viðskiptasamband (e. underlying economic relationship). Eftirfarandi er dæmi um ofangreint:

**Endurfjárfesting hagnaðar.** Sjá að ofan undir eðli beinnar fjárfestingar.

**Áfallnir ógreiddir vextir af skuldum.** Ef um er að ræða svokölluð kúlulán eða önnur lán þar sem áfallnir vextir bætast við höfuðstól lána eru vextirnir færðir sem beint fjárfestingarflæði til hækkunar á láninu án þess þó að raunverulegt fjármagnsflæði sé þar á bakvið.



Neðangreind formúla sýnir þá þætti sem hafa áhrif á fjármunaeign í beinni fjárfestingu:

$$\text{Staða í upphafi} + \text{Beint fjárfestingarflæði} + \text{Gengis- og verðbreytingar} + \text{Aðrar breytingar} \\ = \text{Staða í lok}$$

Tölur með jákvæðu formerki tákna hækkun fjármunaeignar og tölur með neikvæðu formerki tákna lækkun.

Að frátöldu fjárfestingarflæði getur virði fjármunaeigna breyst vegna gengis- og verðbreytinga sem og vegna annarra breytinga. Ýmsar ástæður geta verið fyrir öðrum breytingum en ósamræmi í gögnum um stöðutölur annars vegar og í gögnum um viðskipti hins vegar geta leitt til óútskýrðs mismunar. Dæmi um aðrar breytingar eru flutningur á lögheimili, gjaldprot og endurflokkun (e. reclassification).

### **Verðmat**

Eigið fé í beinni fjárfestingu er metið á bókfærðu virði eiginfjár (e. own funds at book value) félags sem fjárfest er í (e. direct investment enterprise). Viðskipti eru metin á markaðsverði.

Lang- og skammtímakröfur og skuldir eru metnar á nafnvirði fyrir utan skuldaskjöl sem eru metin á markaðsvirði.

### **Flokkunarkerfi**

Bein fjárfesting er flokkuð eftir eðli viðskipta, atvinnugreinum og löndum.

### **Eðli viðskipta**

Bein fjárfesting er aðgreind eftir því hvort hún heyrir undir viðskipti með eigið fé eða lán. (Sjá nánar að ofan undir hugtökum og skilgreiningum.)

### **Atvinnugreinaflokkun**

Flokkun beinna fjárfestingarfyrirtækja eftir atvinnugreinum er í samræmi við íslensku atvinnugreinaflokkunina - ÍSAT2008 - sem er byggð á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2.

Atvinnugreinaflokkun innlendra aðila ræðst af skráðri starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá en erlendir aðilar eru flokkaðir eftir upplýsingum frá skýrsluskilaaðila.

Bein fjárfesting er birt í hagtölum samkvæmt grófri samantektarframsetningu (A\*10 flokkun) þar sem bálkum úr NACE og ISIC er safnað í 10 yfirflokka.

### ***Landaskipting***

Landaskipting mótaðila í beinni fjárfestingu ræðst af búsetu erlends aðila sem á í beinu fjárfestingarsambandi við innlendan.

Þau lönd sem eru  $\pm 1\% \geq$  af meðaltalshlutfalli tímaraðar og/eða hlutfalli síðasta árs af heildar-fjármunaeign eru birt í hagtölum.

Önnur lönd sem ekki ná umræddum þröskuldi heyra undir liðinn óflokkað.

## ***3. Áreiðanleiki gagna***

Áreiðanleiki gagnasöfnunar byggist algerlega á því að skýrslur til Seðlabankans séu réttar, að þeim sé skilað tímanlega og að úrtakið nái vel utan um þýði beinnar fjárfestingar. Aðstæður skilaaðila eru mismunandi en til að mynda eru flestir aðilar í þeirri stöðu að geta ekki skilað endanlegum tölum fyrr en eftir útgáfu ársreiknings en í flestum tilfellum er það um 6-12 mánuðum eftir lok ársins. Því getur verið 2-3 ára tímatöf á að endanlegar upplýsingar um viðskipti séu teknar með í hagtölurnar. Seðlabankinn safnar aftur á móti ársfjórðungslegum upplýsingum frá flestum aðilum sem eru með umfangsmikil erlend viðskipti og því á áður nefnd tímatöf einungis við um minni aðila.

### ***Þekja***

Seðlabankinn leitast við að safna upplýsingum um erlend viðskipti frá öllum aðilum sem þau stunda. Ef þekja er takmörkuð eru tölur áætlaðar út frá gefnum forsendum. Aftur á móti verður því ekki við komið í öllum tilfellum og á það aðallega við þar sem umfang og tilkostnaður við gagnasöfnun er of mikill í samanburði við mikilvægi gagnanna.

Úrtak beinnar fjárfestingar er tekið úr skattframtölum rekstraraðila og ársreikningaskrá. Þaðan fást upplýsingar um aðila sem falla undir skilgreiningu beinnar fjárfestingar. Leitast er við að aðilar sem eru að baki um 80% af samanlagðri stöðustærð beinnar fjárfestingar (að sértækum félögum undanskildum) skili inn ársfjórðungslegum skýrslum til Seðlabankans. Upplýsingar frá megninu (sem hlutfall af stöðustærð en ekki fjölda) af öðrum félögum eru fengnar með árlegum skýrslum. Fyrir minni aðila er notast við gögn beint úr skattframtali og í ársreikningi. Því til viðbótar er notast við önnur stoðgögn ef þau þykja áreiðanleg. Gögn úr skattframtali eða ársreikningi sem notuð eru fyrir minni aðila henta ekki eins vel til hagskýrslugerðar og þau sem aflað er beint frá fyrirtækjunum sjálfum. Til að mynda innihalda þau ekki allar flæðistærðir, s.s. lánahreyfingar eða viðskipti með eigið fé, en eru aftur á móti áreiðanlegri hvað stöðustærðir varðar.

Upplýsingar um sértæk félög eru unnar úr ársreikningum félaganna en einnig með árlegum skýrslum séu þær fáanlegar.

Takmörkuð þekja er í beinni fjárfestingu á fasteignum í eigu einstaklinga (þ.e. ekki gegnum fasteigna- eða eignarhaldsfélög). Sé fasteign aftur á móti keypt með aðkomu félags er eignarhlutur í félaginu mældur en ekki fasteignin sjálf.

Aðilar sem ekki svara gagnabeiðnifyrirsurnum Seðlabankans eru áætlaðir út frá eldri gögnum og öðrum tiltækum gögnum að teknu tilliti til gengisbreytinga. Óreglulegir liðir eins og arðgreiðslur, hlutafjárviðskipti og lánahreyfingar eru ekki áætlaðir í beinni fjárfestingu. Árlegir skilaaðilar eru áætlaðir með sama hætti þar til að skýrslur berast.

### *Takmarkandi þættir*

**Þekja:** Almennt má segja um tölur beinnar fjárfestingar að flestar stöðutölur hafa góða þekju<sup>1</sup> þegar búið er að loka árinu en að flæðistærðir minni aðila, flæðistærðir nýfjárfestingar, fasteignir sem og lánastöður og flæðistærðir sértækra félaga og milli annarra eignatengdra aðila eru í einhverju magni vantaldar.

---

<sup>1</sup> Þekja stöðutalna takmarkast samt sem áður af því hvort eignir og skuldir séu rétt taldar fram í skattframtali og af skýrsluskilum til ársreikningaskrár.

**Uppgjörsaðferðir:** Ef kostnaðarverðsaðferð eða annarri aðferð en hlutdeildaraðferð er beitt á dótturfélög og hlutdeildarfélög við uppgjör móðurfélags eða samstæðu getur það valdið ósamræmi í eiginfjáreign og endurfjárfestingarflæði.

**Skattalegt hagræði:** Flutningur fjármagns í skattalegum tilgangi er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á þekju.

**Ónákvæmni í upplýsingum:** Leitast er við að draga úr þessum þætti með kerfisbundinni yfirferð gagna og fyrirspurnum til gagnaskilaaðila.

#### ***4. Endurskoðunaráætlun***

Hagtölur beinnar fjárfestingar fylgja endurskoðunaráætlun hagtalna greiðslujafnaðar þar sem áður birtar tölur eru endurskoðaðar eftir því sem upplýsingar berast. Áætlunin er í töflunni hér að neðan.

<b>Tími</b>	<b>Mars</b>	<b>Júní</b>	<b>September</b>	<b>Desember</b>
Ársfjórðungar	Hámark 15 ársfjórðungar	Hámark 4 ársfjórðungar	Hámark 17 ársfjórðungar	Hámark 6 ársfjórðungar

#### ***5. Birting***

Hagtölur beinnar fjárfestingar eru birtar á Hagtölusíðu Seðlabankans tvisvar á ári, í mars eru birtar endurmetnar tölur en í september fyrstu tölur ársins á undan ásamt endurmati fyrri ára. Birtingin fylgir endurskoðunaráætlun hagtalna greiðslujafnaðar.